

## REGLUGERÐ

**um (69.) breytingu á reglugerð nr. 580/2021 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429.**

### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast þrír nýir töluliðir, 176.-177. tölul., svohljóðandi:

176. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/1169 frá 1. júní 2026 um breytingu á VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Montenegro (Svartfjallaland) og Serbíu í skránni yfir þriðju lönd eða yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af hundum, köttum og frettum til Sambandsins.
177. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/1344 frá 11. júní 2026 um breytingu á V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Kanada, Chile (Sile) og Bandaríkin í skránum yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.

### 2. gr.

Framkvæmdarreglugerðirnar sem nefndar eru í 1. gr. eru birtar á ensku í C-deild Stjórnartíðinda, sem [fylgiskjöl við auglýsingu nr. 18/2026](#).

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um matvæli, nr. 93/1995, lögum um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvegaráðuneytinu, 3. júlí 2026.*

F. h. r.

**Kolbeinn Árnason.**

---

*Donika Kolica.*